

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2011****2011/EES/70/11****frá 21. október 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2011 frá 20. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/50/EB falla úr gildi tilskipun ráðsins 96/62/EB ⁽³⁾, tilskipun ráðsins 1999/30/EB ⁽⁴⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB ⁽⁵⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB ⁽⁶⁾ og ákvörðun ráðsins 97/101/EB ⁽⁷⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 14b (ákvörðun ráðsins 97/101/EB):
„14c. **32008 L 0050**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (Stjttíð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1).“
2. Texti liða 13d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB), 13e (tilskipun ráðsins 1999/30/EB), 14a (tilskipun ráðsins 96/62/EB), 14b (ákvörðun ráðsins 97/101/EB) og 21ag (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/50/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 65, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 82.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB L 67, 9.3.2002, bls. 14.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB L 35, 5.2.1997, bls. 14.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.